

Sp.

52. Tillaga til þingsályktunar

[48. mál]

um listasöfn og listsýningar utan Reykjavíkur.

Flm.: Ingvar Gíslason, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til þess að gera tillögur um stofnun og starfrækslu opinberra listasafna utan Reykjavíkur. Jafnframt skal nefndin gera tillögur um það í samráði við samtök myndlistarmanna, hvernig helzt mætti stuðla að því, að haldnar verði fleiri myndlistarsýningar (samsýningar og sérsýningar) utan höfuðborgarinnar. — Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur áður verið flutt, en ekki hlotið afgreiðslu. Fylgdi henni svo hljóðandi greinargerð:

Landsbyggðin utan Reykjavíkur er ærið fátæk að listasöfnum og undantekning, ef myndlistarmenn þjóðarinnar sýna verk sín opinberlega annars staðar en í Reykjavík. Jafnvel á Akureyri eru myndlistarsýningar fágætir viðburðir. Slíkt ástand er engan veginn heillavænlegt. Hversu háskalegt sem það er landsbyggðinni að dragast aftur úr í atvinnulegum efnum — og um það er enginn ágreiningur — þá felst einnig dulin, ef ekki augljós hættu, þegar menningarskilyrði eru að verulegum mun lakari á einum stað en öðrum. Félags- og menningarlegur ójöfnuður meðal þjóðarinnar, hvort heldur er milli einstakra stétta eða landshluta, hefur hættu í för með sér, sem gefa þarf nánar gætur og hindra sem framast má verða.

Telja má með réttu, að löngum hafi menningarlegur jöfnuður verið aðal íslenzku þjóðarinnar. Lista- og bókmenntaáhugi var sameign allra manna, hvort sem þeir voru efnaðir eða örsnauðir. Menningarskilyrði voru almennt lík í landshlutunum. Því er vart að heilsa nú á tímum. Ójöfn menningarskilyrði eru næsta áberandi í landinu. Þær tvær listgreinar t. d., sem gróskumestar hafa verið síðustu áratugi, myndlist og tónlist, eru mjög einskorðaðar við Reykjavík. Á það þó alveg sérstaklega við um myndlistina. Listsýningar, hver annarri betri, eru tíðum haldnar í höfuðborginni. Líður varla sú vika, að ekki sé eitthvað að gerast í Listamannaskálanum eða Bogasal Þjóðminjasafnsins. Menntaskólanemar í Reykjavík hafa komið upp tveimur ógleymanlegum myndlistarsýningum í vetur í húsakynnum skólans. Útlend list er einnig sýnd við og við í höfuðborginni. Með þessu er þó alls ekki sagt, að ekkert standi til bóta í listmálum höfuðborgarinnar. Listamannaskálinn er t. d. gjörónýtt hús og með öllu ósamboðinn sem listsýningarstaður. Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd, að Reykjavík ein nýtur nær alls þess, sem gerist í myndlist á Íslandi. Þessi mál eru almennt í algerri vanrækslu úti um landið. Úr þeim þarf að bæta með sérstöku og skipulegu átaki í anda þeirrar tillögu, sem hér er flutt. Þjóðfélaginu ber að búa svo um hnútana, að öllum landsmönnum sé tryggð sem jöfnust aðstaða til að kynnast því, sem gerist og gerzt hefur í listum hér á landi. Með þeim hætti má skapa frjálsa list fyrir fólkið, gera listina að almenningseign. Eitthvað er bogið við það þjóðfélag, sem stefnir til menningarlegs ójafnaðar. Slík þróun er þeim mun ógeðfelldari hér á landi sem vitað er, að íslenzka þjóðin hefur ávallt verið listelsk og listnjótendur óháðir þjóðfélagsstöðu og búsetu. Enda er mikill áhugi á listum í sveitum og kaupstöðum víðs vegar um landið. Þann áhug má glæða og veita fullnægju með skynsamlegri listkynningu og stofnun listasafna svo víða sem kostur er. Þeir tiltölulega fáu listamenn, sem sýnt hafa verk sín úti um land, hafa orðið aúfúsugestir.

Stofnun listasafna utan Reykjavíkur þarf að undirbúa svo vel, að við verði unað um langa framtíð. Fjárhags- og skipulagsgrundvöllur verður að vera traustur og veita svigrúm til eðlilegrar framþróunar. Þótt listasöfn séu stofnuð í kaupstað,

sýslu eða stærri landshluta, þá ber þeim eigi að síður að vera á „landsmælikvarða“, þau eiga aðeins að sækjast eftir hinu bezta í listum. En æskilegt er og raunar sjálf-sagt, að þau sinni einnig sérstaklega þeirri listsköpun, sem kann að eiga sér stað innan hvers safnhverfis. Mundi þá væntanlega koma í ljós betur en ella, hvers virði slík list er í raun og veru. En umfram allt ættu almenn listasöfn að gefa sem sann-asta mynd af listmenningunni á hverjum tíma.

Annað aðalatriði þessarar tillögu er, að ráð verði fundin til þess að fjölga myndlistarsýningum utan höfuðborgarinnar. Ef til vill er fjölgun listsýninga nauð-synlegur undanfari stærri aðgerða í listmálum landsbyggðarinnar. Virðist það og tiltölulega auðleyst verkefni. Víða eru sæmilegar aðstæður til myndlistarsýninga, og ef þær væru nýttar sem kostur er, mætti stórlega fjölga listsýningum úti um land án teljandi viðbúnaðar eða kostnaðar.